

Ed.

461. Nefndarátt

um frumvarp til laga um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak og fjárnám.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er fram komið í háttv. neðri deild, og sætti það nokkrum breytingum undir meðferð þar. Nú hefir allsherjarnefnd þessarar deildar athugað frumv. og felst á að hækka upphæð þá, er hreppstjóri má gera löktak fyrir, samkvæmt því, sem frumv. fer fram á. Hinsvegar getur hún ekki fallist á, að sama skuli gilda um fjárnám, svo sem 2. gr. frumv. mælir fyrir um. Leggur því nefndin til, að frumv. verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við fyrirsögn frumv. Aftan af fyrirsögninni falli »og fjárnám«.

Alþingi, 10. mars 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr. og frsm.

Jón Þorláksson.